	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28/12 2020
Málsnr:	1807266
Bréfál:	461.0



Reykjavík, 15. desember 2020

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri,
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Þynningarsvæði og svæði takmarkaðrar ábyrgðar í landi Óttarsstaða í Hafnarfirði.

Réttur gætir hagsmuna eigenda jarðarinnar Óttarsstaða í Hafnarfirði gagnvart Hafnarfjarðarkaupstað og skipulagsyfirvöldum þar. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar hafa verið afmörkuð tvö svæði á landi jarðarinnar Óttarsstaða. Er annað nefnt þynningarsvæði og hitt „svæði takmarkaðrar ábyrgðar. Með svæðum þessum eru eins og yður er kunnugt lagðar kvaðir á land jarðarinnar Óttarsstaða, sem leiða til þess að besti hluti jarðarinnar nýtist ekki eigendunum, enda er m.a. bannað að byggja þar íbúðarhúsnæði þar sem varanleg dvöl á svæðum þessum er hættuleg heilsu og lífi manna.

Kvaðar þessar, m.a. í skipulagi Hafnarfjarðar, eru lagðar á landið án nokkurs samþykkis eða heimildar frá eigendum jarðarinnar eða samráðs við þá og án nokkurs endurgjalds.

Nú hafa orðið breytingar á lagaumhverfi slíkra svæða. Um þær lagabreytingar hefur verið fjallað í bréfasamskiptum umhverfisstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. meðfylgjandi bréf stofnunarinnar til ráðuneytisins dags. 17. desember 2015 og 26. mars 2018, svo og svar ráðuneytisins dags. 10. júlí 2019. Um breytingar á lagaumhverfinu um þynningarsvæði og þar með svæði takmarkaðrar ábyrgðar vísast til bréfaskipta þessara.

Breytt lagaumhverfi leiðir til þess að óheimilt er að ákvarða hvort sem er með stjórnvaldsákvörðunum, samningum eða skipulagsákvörðunum þynningarsvæði og svæði takmarkaðrar ábyrgðar, sem ætlað er að taka við

mengun, sem er ofan viðmiðunarmarka, frá iðnaði. Ekki skal fara út fyrir leyfileg mengunarmörk utan verksmiðjulóðar. Álverinu í Straumsvík er því lögum samkvæmt óheimilt að notfæra sér slík svæði til að þynna út mengun frá rekstri verksmiðjunnar.

Jafnframt er Hafnarfjarðarkaupstað óheimilt að afmarka slík svæði á landi Óttarstaða í skipulagsgögnum sínum og gefa þannig í skyn að kvaðir um að eigendur skuli þola mengun yfir leyfilegum mörkum og þar með hættulegum hvíli á landinu innan greindra marka.

Umbj.m. krefjast þess með hliðsjón af ofangreindu að afmarkanir í skipulagi á þynningarsvæði og svæði takmarkaðrar ábyrgðar verði komið í löglegt horf, þ.e. að greindar afmarkanir á svæðunum tveimur í landi Óttarsstaða verði endurskoðaðar og felldar úr gildi og þar með numdar úr skipulagsgögnum kaupstaðarins svo að umbj.m. geti neytt þess eignarréttar á jörðinni sem þeim er tryggður í eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, en íslensk stjórnvöld hafa brotið gegn.

Vinsamlegast upplýsið mig um hvort þér hafið þegar hafist handa um að afnema greind svæði úr skipulagsgögnunum um umrædd svæði. Hafi það ekki þegar verið gert er þess óskað að þér upplýsið mig um hvenær það verður gert og í hvaða formi.


Rétt er að taka fram, að umbj.m. áskilja sér allan rétt til að krefja Hafnarfjarðarkaupstað um skaðabætur vegna þess tjóns sem kvaðirnar á landinu hafa valdið þeim og munu valda þeim að svo miklu leyti sem kaupstaðurinn hefur átt aðild að þeim..

Þess er farið á leit að svar berist mér innan 10 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllst,


Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður

Innlagat: Þrjú bréf tilgreind í texta.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



Reykjavík 17. desember 2015
UST201502-082/M.I.K.
08.07.01

Efni: Þynningarsvæði.

Umhverfisstofnun telur að tímabært sé að endurskoða reglur um þynningarsvæði og skýra réttarstöðu landeigenda og annarra réttihafa eftir atvikum.

Tilfni tillögu: Við útgáfu starfsleyfa hafa komið upp álitamál varðandi þynningarsvæði nú nýlega v. stækkunar álversins á Grundartanga.

Á auglýsingatíma starfsleyfis fyrir Norðurál á Grundartanga vegna stækkunar hafa komið fram athugasemdir frá landeiganda á þynningarsvæði mengunar á þá leið að: að jörðin hafi lent á þynningarsvæði „á einni nóttu“ og ekki hafi verið látið vita. Umhverfisstofnun hefur svarað athugasemdinni þannig að með ákvörðun um útgáfu starfsleyfis nú er ekki tekin ákvörðun um neina breytingu á þynningarsvæði álversins. Þynningarsvæðið brennisteinstvíoxíðs er óbreytt frá fyrsta starfsleyfi Norðuráls. Svæðið fyrir flúor mun hafa stækkað við stækkun álversins (aukin framleiðsluheimild), sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar 27.5.2002 (og mat á umhverfisáhrifum í mars 2002) og útgefið starfsleyfi 24.2.2003.

Þá segir í athugasemdunum að innan þynningarsvæðis megi menga ótakmarkað. Í athugasemdinni segir að jafnframt ef haldið verður áfram af hálfu sveitarfélags að samþykkja deiliskipulag og af hálfu Umhverfisstofnunar að gefa út starfsleyfi án þess að klára mál við landeigendur muni sveitarfélagið og Umhverfisstofnun „baka sér frekari bótaskyldu“.

Umhverfisstofnun telur að rétt hafi verið staðið að undirbúningi starfsleyfis og að ekki séu fyrir hendi forsendur bótaskyldu vegna ákvarðana stofnunarinnar. Ekki sé um að ræða heimildir til að menga ótakmarkað. Innan þynningarsvæðis flúors annars vegar og brennisteinstvíoxíðs hins vegar mega gildi í umhverfinu fyrir þessi tvö mengunarefni vera yfir heilsuverndar og umhverfismörkum í reglugerðum. Önnur mengun en þessi verður að vera innan marka í reglugerðum, að minnsta kosti utan lóðar rekstraraðila.

Um þynningarsvæði í ísl. reglugerðum

Ekki er kveðið á um þynningarsvæði í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þynningarsvæði er skilgreint á eftirfarandi hátt í nokkrum reglugerðum:

„Þynningarsvæði er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.“

Í 23. gr. reglugerðar, nr. 941/2002 um hollustuhætti kemur fram að íbúðarhúsnæði skuli ekki vera á þynningarsvæði.

Af því má ljóst vera að skilgreining þynningarsvæðis hefur réttaráhrif gagnvart eigendum og rétt höfum lands. Engin ákvæði eru hins vegar um það í lögnum hvornig standa skuli að málum gagnvart landeigendum og rétt höfum lands v. þessa.

Mikilvægt er að staðið sé þannig að málum að sett heilsuverndarmörk fyrir mengandi efni sem losuð eru frá iðnaði gildi gagnvart þeim sem búa og starfa á landbúnaðarsvæðum í nágrenni við mengandi starfsemi svo sem nokkur dæmi eru um héraendis. Þá telur Umhverfisstofnun að taka verði til skoðunar núverandi heimild til að skilgreina þynningarsvæði út fyrir iðnaðarlóðir þar sem mengandi starfsemi er starfrækt. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á nýlegar evrópureglur, svo sem loftgæðatilskipunina þar sem einungis er gert ráð fyrir því að undantekningar frá almennum heilsuverndarmörkum fyrir mengandi efni gildi á iðnaðarlóðum.

Umhverfisstofnun leggur til að gerðar verði ráðstafanir til að eyða framangreindri réttaróvissu sem fyrst t.d. samhliða innleiðingu tilskipunar um losun frá iðnaði nr. 2010/75.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Sigríður Kristjánsdóttir
Teymisstjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Ab. _____
27. mars 2018
Tilv _____

Reykjavík 26. mars 2018
UST201803-421/S.Á.
08.04


Efni: Þyningarsvæði – ítrekun erindis


Með bréfi, dags. 17. desember 2015 lagði Umhverfisstofnun til að reglur um þyningarsvæði yrðu endurskoðaðar og réttarstaða landeigenda og eftir atvikum annarra rétthafa yrði skýrð þar sem álitamál hafa komið upp við útgáfu starfsleyfa. Bent var á að þá nýlegar evrópureglur svo sem tilskipun um loftgæði geri aðeins ráð fyrir því að undantekningar frá almennum heilsuverndarmörkum fyrir mengandi efni gildi á iðnaðarlóðum. Lagt var til að gerðar yrðu ráðstafanir hvað þetta varðar t.d. samhliða innleiðingu tilskipunar um losun frá iðnaði nr. 2010/75.


Gert er ráð fyrir að endurskoðun umhverfissvöktunar á Grundartangarsvæðinu ljúki á næstu vikum og vísar stofnunin til framangreinds bréfs í greinargerð með áætluninni.

Framangreint erindi er hér með ítrekað og óskað er upplýsinga um viðbrögð ráðuneytisins sem fyrst.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Gunnlaug H. Einarssdóttir
sviðsstjóri



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁDUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 10. júlí 2019
Tilv.: UMH15120077/20-0

Vísað er til erinda Umhverfisstofnunar, dags. 17. desember 2015 og 26. mars 2018, þar sem fram kemur að stofnunin telji tímabært að reglur um þynningarsvæði verði endurskoðaðar og réttarstaða landeigenda og eftir atvikum annarra rétthafa verði skýrð í ljósi þess að álitamál hafi komið upp við útgáfu starfsleyfa.

Í nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er ekki gert ráð fyrir þynningarsvæðum. Samkvæmt reglugerðinni er almennt miðað við að viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skuli gilda á losunarstað efnanna við stöðina. Í tilskipun 2010/75/ESB um losun frá iðnaði, sem innleidd er með reglugerðinni, er ekki gert ráð fyrir að slík svæði séu afmörkuð. Með lögum nr. 66/2017 um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er, með innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB um losun frá iðnaði, mörkuð sú stefna að hafa ekki þynningarsvæði, m.a. með hliðsjón af náttúruverndarsjónarmiðum, vernd íbúa og annarra sem hagsmuna eiga að gæta í nágrenni við stóriðju. Ljóst er að ekki verða sett fleiri þynningarsvæði heldur verði losun mengunarefna umfram umhverfis- og heilsuverndarmarka óheimil utan lóðamarkna viðkomandi iðnaðarsvæða.

Ákvæði um þynningarsvæði er enn að finna í nokkrum reglugerðum. Um er að ræða reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Fyrirhugað er að breyta umræddum reglugerðum og fella út ákvæði reglugerðanna um þynningarsvæði. Við endurskoðun starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun þarf að taka tillit til þessa. Ákvæði um þynningarsvæði eru nú í starfsleyfum Alcoa Fjarðaráls, Norðuráls Grundartanga, Norðuráls Helgúvík og járnblendiverksmiðju Elkem Grundartanga. Þá er í starfsleyfi fyrir álver Alcan á Íslandi vísað til aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um svæði takmarkaðrar ábyrgðar, sbr. lög frá árinu 1966.

Þegar kemur að endurskoðun starfsleyfa em Umhverfisstofnun veitir þarf stofnunin að fella brott ákvæði um þynningarsvæði úr starfsleyfunum innan hæfilegs tímaramma í samstarfi við hlutaðeigandi starfsleyfishafa, Samtök atvinnulífsins og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Í þessu sambandi þarf m.a. að fara fram mat á eftirfarandi atriðum:

- Hvort gera þurfi auknar kröfur til þeirra efna sem notuð eru við framleiðsluna.
- Hvort mengunarvarnir séu fullnægjandi.
- Hvort gera þurfi breytingar á vöktun og eftirliti mengunar og mælingum mengunarefna.
- Hvort grípa þurfi til annars konar aðgerða.

Breyta þarf skilgreiningum og skilyrðum í starfsleyfum auk þess sem þetta getur kallað á breytingar á skipulagi, t.d. að stækka þurfi viðkomandi iðnaðarsvæði.

Ráðuneytið óskar hér með eftir tillögu að áætlun frá Umhverfisstofnun fyrir 1. desember nk. um það hvernig standa skuli að því að fella brott ákvæði um þynningarsvæði í starfsleyfum Umhverfisstofnunar í sem mestri sátt við hlutaðeigandi aðila svo viðmið um loftgæði verði uppfyllt utan lóðamarka.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrit:
Heilbrigðisnefndir
Samtök atvinnulífsins